

Nd.

### 316. Nefndarálit

[168. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefndir beggja þingdeilda ræddu málið á sameiginlegum fundi í gærðag, miðvikudaginn 26. febrúar. Á þeim fundi gerði ég grein fyrir tillögum mínum um aðra fjáröflun til Viðlagasjóðs en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Tillögur mínar voru þær, að söluskattur yrði ekki hækkaður frá því sem nú er, en í þess stað yrði það söluskattsstig, sem nú rennur til Viðlagasjóðs, framlengt til lengri tíma en gert er ráð fyrir í frumvarpinu, og að auk þess komi til nokkur bein greiðsla úr ríkissjóði á þessu ári. Benti ég á, að á þann hátt mætti tryggja Viðlagasjóði jafnmiklar tekjur og frumvarpið gerir ráð fyrir til þess að standa við gefin loforð gagnvart vestmanneyingum og norðfirðingum.

Tillögur mínar fengu mjög góðar undirtektir á fundunum og var síðan ákveðið að leita eftir samkomulagi um þær í þingflokkunum.

Þrátt fyrir góðar undirtektir þingmanna úr öllum flokkum við tillögur mínar varð niðurstaðan sú, að fulltrúar ríkisstjórnarinnar í fjárhags- og viðskiptanefnd Nd. tilkynntu á fundi nefndarinnar í morgun, að ekki gæti orðið samkomulag um að breyta tekjuöflunartillögum frumvarpsins.

Ljóst er, að fjárhagsvandamál Viðlagasjóðs vegna tjónsins í Vestmannaeyjum er enn mikið. Áætlað er að útgjöld sjóðsins vegna þess verði rúmar 1100 milljónir króna í ár. Tjónið í Neskaupstað eykur enn við fjárhagsvandann um a. m. k. 500 milljónir kr. og þó sennilega um allmiklu meiri fjárhæð þegar allt verður fram komið. Þennan fjárhagsvanda verður að leysa, ef standa á við þau fyrirheit, sem gefin hafa verið. Samkomulag verður að takast um hvernig vandann skuli leysa. Það leysir ekki vandamál þeirra, sem fyrir tjóni hafa orðið í Vestmannaeyjum og Neskaupstað, að endalaust sé þrætt um fjáröflunarleiðir til að leysa vandann.

Ég harma að ríkisstjórnin skuli ekki hafa fengist til að fallast á hyggilegri leiðir til fjáröflunar fyrir Viðlagasjóð en raun er á, en tel hins vegar algjörlega ábyrgðarlaust að taka þá afstöðu til afgreiðslu málsins sem Alþýðuflokkurinn hefur tekið og augljóslega mundi koma í veg fyrir að staðið yrði við þau fyrirheit, sem vestmanneyingum og norðfirðingum hafa verið gefin.

Ég vil enn freista þess að ná samkomulagi um aðra tekjuöflun til Viðlagasjóðs en hækkan söluskatts og flyt því tillögu um það á sérstöku þingskjali.

Afstaða mín til málsins er að öðru leyti sú, sem ég hef áður lýst, að nái tillögur mínar ekki fram að ganga og aðrar leiðir séu ekki fyrir hendi til meirihluta samþykktar á Alþingi, til þess að hægt verði að standa við lofaðar greiðslur til vestmanneyinga og norðfirðinga, en að samþykkja frumvarpið óbreytt, þá mun ég greiða frumvarpinu atkvæði.

Alþingi, 27. febr. 1975.

Lúðvík Jósepsson.